

Sp.

165. Tillaga til þingsályktunar

[119. mál]

um lagningu byggðalínu fyrir árslok 1975.

Flm.: Ingi Tryggvason, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því eftir fremsta megni að lokið verði lagningu byggðalínunnar svokölluðu frá samveitukerfi Landsvirkjunar norður í Varmahlíð í Skagafirði fyrir árslok 1975.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að afla nauðsynlegs fjármagns til að framkvæma verk þetta.

Greinargerð.

Á Norðurlandi öllu er nú tilfinnanlegur skortur á raforku. Vatnsaflsstöðvar á Norðurlandi utan Skeiðfossvirkjunar framleiða við venjulegar kringumstæður samtals 21—22 megavött og gufuaflsstöð í Bjarnarflagi framleiðir um 3 megavött. Við núverandi aðstæður er rafmagnspörfin 30—35 megavött og er því mikil raforka framleidd með dísilvélum. Beri nokkuð út af með orkuframleiðslu vatnsaflsstöðvanna, þarf að skammta rafmagn, og hreint neyðarástand gæti skapast, ef orkuframleiðsla við Laxá truflaðist um langan tíma. Nú er í byggingu ný 7 megavatta dísilstöð á Akureyri, sem þó er ekki gert ráð fyrir að komi til gagns fyrr en þessi vetur er liðinn.

Viðunandi úrlausn á orkuvanda norðlendinga hefur dregist úr hömlu. Í undirbúningi er virkjun gufuafls í Kröflu, en augljóst er, að allan tíð liður þangað til rafmagn frá þeirri virkjun kemur til nytja. Hugsanlegt væri að kaupa litla gufuaflsstöð og setja hana niður á Kröflusvæðinu til bráðabirgða. Er nauðsynlegt að það mál verði athugað af gaumgæfni og tekin ákvörðun sem fyrst, ef athugun leiðir til jákvæðrar niðurstöðu. Undirbúningur að byggingu vatnsaflsstöðva á Norðurlandi mun ekki svo langt á veg kominn, að bygging vatnsaflsstöðvar leysti vandann fyrr en væntanleg Kröfluvirkjun.

Skjótasta lausnin á bráðum vanda norðlendinga í orkumálum mun vera bygging svokallaðrar byggðalínu norður að Varmahlíð í Skagafirði. Undirbúningur að því verki er þegar hafinn og allmikið hefur verið keypt af efni til línunnar. Ætti því lagning línunnar að geta hafist strax eftir áramót, ef stjórnvöld leggja þar áherslu á.

Samtenging hinna ýmsu orkusvæða er að flestra dómi nauðsynjamál og er eðlilegt að það verk sé unnið samhliða byggingu orkuvera. Brýn nauðsyn er að dreifa orkuverunum um landið. Slík dreifing orkuvera er nauðsynlegur þáttur þess að viðhalda byggð um landið. Auk þess má færa fyrir því sterk rök, að í landi eldgosa og jarðskjálfta sé í fyllsta máta varhugavert að þjappa meginhluta orkuframleiðslunnar saman á mjög takmarkað svæði eins og nú virðist stefnt að. Bygging byggðalínu má því í engu tefja byggingu orkuvers á Norðurlandi.

Í þingsályktunartillögu þessari er farið fram á, að allt kapp verði lagt á að ljúka byggðalínunni norður í Skagafjörð á einu ári. Réttmæti þess að óska eftir slíkum hraða byggist fyrst og fremst á tvennu — orkuskortinum og öryggisleysinu í orkumálum á Norðurlandi annars vegar og þeim olíusparnaði og þar með aukinni hagkvæmni, sem af hröðun framkvæmdarinnar hlytist hins vegar.

Áætlað er, að á árinu 1974 verði framleiddar um 20 millj. kwst. með dísilolíu á Norðurlandi. Ef ekkert yrði að gert, ykist þessi notkun í ca. 30 millj. kwst. 1975, 40 millj. 1976 og yfir 50 millj. 1977. Allt er þetta miðað við að stöðvað verði að fullu leyfi til rafhitunar húsa. Oliukostnaðurinn við framleiðslu 1 kwst. er nú um 6 kr. Sé reiknað með því verði, er olíukostnaður við framleiðslu rafmagns á Norðurlandi um 120 millj. 1974, 180 millj. 1975, 240 millj. 1976 og yfir 300 millj. 1977. Af þessu er greinilegt, að mikið má til vinna að búa svo um, að þessi olíueyðsla hverfi sem mest.

En það er fleira, sem rekur á eftir skjótri úrlausn í orkumálum á Norðurlandi. Í dreifibréfi Rafmagnsveitna ríkisins frá 25. sept. 1974 er fram tekið, að stöðva skuli veitingu allra hitaleyfa á svæðinu frá Hrutafirði til Þórshafnar, en „takmarkað leyfi fyrir marktaxta í sveitum komi til greina í einstökum tilvikum í samráði við rafveitustjóra“. Rafmagn hefur allmikið verið notað til hitunar á Norðurlandi. Þjóðhagslega er fráleitt að skylda húsbyggjendur til að setja niður olíuhitunarkerfi í hús sín, ef lausn orkuvandans er á næsta leiti. Notkun rafmagns sparar bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað a. m. k. í framtíðinni. Þegar landinu er skipt í svæði eins og gert er með bréfi Rafmagnsveitnanna, — sem auðvitað byggist á staðreyndum í orkumálum — fer tæpast hjá því, að bannsvæðin standi höllum fæti gagnvart uppbyggingu atvinnulífs og íbúðarhúsnæðis. Þá er öryggisleysið í orkumálum þeim erfitt, sem við það búa. Algengt er, að bændur og aðrir atvinnurekendur komi sér upp dýrum tækjum til að afstýra verstu afleiðingum orkutruflana.

Vera má, að sumum þyki mikið í ráðist að ætla að byggja byggðalínu á einu ári. Á sínum tíma byggðu Íslendingar símalínu frá Seyðisfirði til Reykjavíkur á einu sumri og réðu þó yfir lítilli tækni miðað við það sem nú er. Sjálfsagt eru einhver vandkvæði á að ljúka þessu verki á svo skömmum tíma sem hér er gert ráð fyrir. En úrræði eru margvísleg, ef fast er eftir leitað. Við flytjendur þessarar þingsályktunartillögu teljum svo mikilvægt, að lausn á bráðasta vanda norðlendinga í orkumálum fáiast sem fyrst, að ekkert megi til þess spara. En eins og fram hefur komið hér að framan teljum við samt sem áður, að byggðalínan verði þeim mun hagkvæmari sem hún kemst fyrr upp og ekkert fjármagn sé betur til þess fallið að borga byggðalínuna en það, sem sparast í kaupum hinnar erlendu orku, olíunnar.